

Verkefnið

AGROSUS verkefnið mun finna verkfæri og aðferðir, byggðar á hugmyndum landbúnaðarvístfræði, sem nýtast við meðhöndlun og eyðingu illgresis í lífrænni, hefðbundinni og vistvænni ræktun. Verkefnið fer fram á öllum líflandfræðilegum svæðum Evrópu, sem eru 11 talsins (Alpafjöllum, Anatólíu, Norðurheimskauti, Atlantshafi, Svartahafi, Norðlægum barrskógum, Meginlandi, Makarónesíu, Miðjarðarhafi, Pannóníu og Steppum) og hefur það að markmiði að minnka notkun illgresiseyða og takmarka umhverfisáhrif þeirra.

AGROSUS mun, í samstarfi við hagsmunaaðila, þróa tæki og aðferðir sem vinna á erfiðustu illgresistegundunum á hverju svæði. Einnig verða áhrif aðferðanna til skamms og langs tíma rannsökuð út frá umhverfislegum, félagslegum og hagrænum sjónarmiðum.

Markmið



Að koma á fót landbúnaðarvístfræðikerfi byggðu á hefðbundnum ræktunaraðferðum, véltækni og líffræðilegum og líftæknilegum aðferðum.



Miðlun tækniþekkingar og þjálfun í aðferðum sem koma í veg fyrir og takmarka útbreiðslu illgresis.



Að kynna viðeigandi aðgerðir fyrir bændum, stjórnsýslu og eftirlitsstofnunum.



Háþróuð greiningartæki.



Aukin þekking á þeim illgresistegundum sem valda mestum skaða í evrópskum landbúnaði.

Aðalmarkmið

Markmið AGROSUS er að finna verkfæri og aðferðir við sjálfbæra, sanngjarna og örugga meðhöndlun illgresis í hefðbundinni, lífrænni og vistvænni ræktun, ásamt því að stuðla að jákvæðum viðtökum meðal bænda.

TÍMALENGD: Júní 2023 til Maí 2027 (48 mánuðir).

FJÁRMAGN: 4.999.863,75 evrur, þar af 4.689.926,25 evrur frá Evrópusambandinu og 309.937,50 evrur frá ríkisstjórn Ungverjaland.

AUGLÝSING UM STYRK: CL6-2022-FARM2FORK-02-01-two-stage: Sjálfbær meðhöndlun illgresis með landbúnaðarvístfræðilegum aðferðum.

SAMSTARFSADILAR: Umsjón AGROSUS-verkefnisins er í höndum Universidad de Vigo (UVIGO) á Spáni en einnig koma að verkefninu 16 samstarfsaðilar frá 11 löndum Evrópu og tengdum löndum.



FYLGIST MEÐ!



www.agrosus.eu

AGROSUS

Sjálfbærar
landbúnaðarvístfræðilegar aðferðir
við illgresiseyðingu í ræktun helstu
nytjaplantna í Evrópu.

 Funded by
the European Union

Þetta verkefni er fjármagnað af Horizon Europe, rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins, samkvæmt samkomulagi um styrkveitingu NO GA 101084084.

Helstu niðurstöður

- Tengslanet hagsmunaaðila sem tekur virkan þátt í ákvörðunum og innleiðingu landbúnaðarvístfræðilegra aðferða.
- Skýrslur um vandamál sem tengjast illgresi, þar á meðal uppfærður listi yfir þær tegundir sem valda mestum vandræðum í Evrópu og þá þætti sem hindra frekari útbreiðslu landbúnaðarvístfræðilegra aðferða.
- Leiðbeiningar um bestu landbúnaðarvístfræðilegu aðferðirnar fyrir mismunandi nytjaplöntur og svæði Evrópu.
- Kennslumyndbönd fyrir bændur og ráðgjafa sem fjalla um möguleika á notkun vélmenna og dróna til þess að greina illgresi.
- Skýrslur um möguleika tengda notkun landbúnaðarvístfræðilegra aðferða í landbúnaði og vistkerfisþjónustu þeim tengdri.
- Skýrslur um umhverfisleg, efnahagsleg og félagsleg áhrif landbúnaðarvístfræðilegra aðferða.
- Ráðleggingar frá hagsmunaaðilum um kynningu og notkun landbúnaðarvístfræðilegra aðferða í evrópskum landbúnaði.
- Tengslanet hagsmunaaðila sem mun vinna að viðurkenningu á landbúnaðarvístfræðilegum aðferðum meðal tengdra aðila og með rannsóknnum og umræðum stuðla að stefnubreytingu, landbúnaðarvístfræðilegum aðferðum í hag.



Nálgun byggð á aðkomu margra aðila

Hagsmunaaðilar munu koma að verkefninu með sérfræðikunnáttu tengda landbúnaði, staðbundna þekkingu á algengum vandamálum sem þarfnast lausna og endurgjöf sem mun stýra rannsóknum í átt að áþreifanlegum árangri. Enn fremur hafa þeir tengsl við alþjóðastofnanir, rannsóknarstofnanir og bændasamtök sem vinna með sjálfbæran landbúnað að leiðarljósi.

Mynduð verða 14 svæðisbundin félög hagsmunaaðila og innan þeirra, 24 ræktunartengdir hópar fyrir hverja tilraunaeiningu á líflandfræðilegu svæðunum 11. Þessir hópar munu í sameiningu velja og endurskoða þær aðgerðir sem framkvæmdar verða í verkefninu.

Samstarfsaðilar innan AGROSUS og hagsmunaaðilar munu í sameiningu hanna landbúnaðarvístfræðilegar aðferðir, byggðar á niðurstöðum spurningakannana, viðtala og vinnustofa, sem verða notaðar á hverju rannsóknarsvæði fyrir sig. Einnig verða haldnar vinnustofur til þess að endurskoða og bæta þær aðferðir sem notaðar verða á hverju svæði.

AGROSUS mun, í samstarfi við hagsmunaaðila, skilgreina algengustu illgresiseyða sem eru í notkun, skæðustu tegundir illgresis og þau vandamál sem bændur glíma við í sambandi við meðhöndlun illgresis á öllum líflandfræðilegu svæðunum 11 í Evrópu ásamt þeim þáttum sem hafa áhrif á ákvarðanatöku bænda og geta komið í veg fyrir notkun landbúnaðarvístfræðilegra aðferða.

11 Líflandfræðileg svæði

14 Svæðisbundin félög hagsmunaaðila


24 Ræktunartengdir hópar

19 Vinnustofur um val á aðferðum

38 Vinnustofur um endurskoðun á aðferðum

68 Skammtíma ræktunarkerfi

30 Nytjaplöntur



3 RÆKTUNARKERFI Hefðbundið Lifrænt Blandað

9 NYTJAPLÖNTUR Í AKURYRKJU

- Bygg
- Máis
- Hafrar
- Kartöflur
- Repja
- Sólblóm
- Rúghveiti
- Hveiti
- Sojabauinir

9 NYTJAPLÖNTUR Í GARÐRÆKT

- Ilmjurtir-3 teg. (Vinca, Rumex, Plantago)
- Hvítkál
- Gulrætur
- Salat
- Melónur
- Tómatar
- Kúrbitur

12 FJÖLÆRAR NYTJAPLÖNTUR

- Möndlur
- Epli
- Apríkósur
- Ber
- Morgunberkjur
- Heslihnetur
- Ólífur
- Appelsínur
- Ferskjur
- Döðluplómur
- Pistasíuhnetur
- Vínekrur